

Reglur, meginmarkmið og skilyrði fyrir niðurgreiðslum Hafnarfjarðarbæjar hjá iðkendum 6 til 18 ára í íþróttá- og tómsfundafélögum frá 1. nóvember 2016

Markmið niðurgreiðslna er að gera börnum með lögheimili í Hafnarfirði kleift að taka þátt í íþróttá- og tómsfundastarfi óháð efnahag fjölskyldna og að efla íþróttá- og annað forvarnastarf í Hafnarfirði. Einnig á niðurgreiðslan að vinna gegn óæskilegu brottfalli í eldri aldurshópum iðkenda.

Skipulagt íþróttá- og tómsfundastarf þarf að uppfylla eftirfarandi skilyrði til að teljast styrkhæft:

- Meginskilyrði fyrir endurgreiðslu til félaga verður að starfsemin sé á forsendum uppeldislegra gilda og forvarna í víðustum skilningi.
- Starfsemin fari fram undir leiðsögn hæfra starfsmanna, þannig að fagmennska sé viðhöfð við kennslu og þjálfun barna og unglunga. Börn undir 18 ára aldri skulu ekki starfa við þjálfun, kennslu- eða leiðbeinendastörf í barnastarfi ein síns liðs. Fagaðili/þjálfari getur þó haft einstaklinga undir 18 ára aldri sér til aðstoðar.
- Niðurgreiðslur ná einungis til félaga með skipulagða kennslu/þjálfun í að minnsta kosti 10 vikur í senn og að lágmarki eina æfingu í viku.
- Ef þátttökugjald er hærra en sem nemur niðurgreiðslu Hafnarfjarðarbæjar innheimtir félag/deild mismuninn hjá forráðamönnum.
- Niðurgreiðsla bæjarins skal ekki nema hærri fjárhæð en ákvörðuðu æfingagjaldi og er allt að 3000 kr. á mánuði.
- Hægt er að skipta niðurgreiðslunni niður á fleiri en eina grein.
- Aðili sem sinnir skipulögðu íþróttá- og tómsfundastarfi skal gera samning við Hafnarfjarðarbæ að uppfylltum reglum um styrkhæfi. Aðild að niðurgreiðslum Hafnarfjarðarbæjar á íþróttá- og tómsfundaiðkun má ekki verða til þess að gjaldskrár/æfingagjöld hækki óeðlilega milli ára.

Félag/deild fær greiddar allt að 3.000 kr. fyrir hvern iðkanda sex ára til 18 ára á mánuði til lækknar á þátttökugjaldi og miðað skal við fæðingarár. Árið sem barn verður 6 ára byrjar það að fá styrk 1. janúar og hættir að fá styrk 31. desember árið sem það varð 17 ára. Ber félagi/deild að lækka þátttökugjald iðkandans sem þessu nemur við greiðslu á æfingagjaldi.

Framkvæmd niðurgreiðslunnar er þannig að forráðamenn verða að fara inn á vef **Hafnarfjarðarbæjar: Mínar síður eða heimasíðu viðkomandi félags** og staðfesta þátttöku iðkandans hjá viðkomandi félagi/deild rafrænt. Eingöngu er hægt að staðfesta þátttökuna í íbúagátt eða hjá viðkomandi félagi. Þegar forráðamaður staðfestir þátttöku barns fær viðkomandi félag/deild og Hafnarfjarðarbær staðfestingu þar um. Mánaðarlega tekur Hafnarfjarðarbær saman lista með fjölda þátttökustaðfestinga forráðamanna og sendir til félaga/deilda og greiðir félögum/deildum niðurgreiðslustyrki samkvæmt nánara samkomulagi við viðkomandi íþróttafélag /deild út frá heildarlista. Ekki er hægt að innheimta niðurgreiðslustyrk fram yfir síðustu áramót. **Í kvittun til þátttakenda um námskeiðskostnað skal félag geta um hlut bæjarfélagsins í greiðslu vegna námskeiðsgjaldsins.**

- Skráning verður í gegnum Norakerfið eða sambærilegt rafrænt kerfi hjá viðkomandi félögum og Hafnarfjarðarbæ og niðurgreiðsla til foreldra verður rafræn.
- Íþróttá- og tómsfundafulltrúi metur hvort einstaka aðilar uppfylla skilyrði reglna og ber tillögur sínar undir íþróttá- og tómsfundanefnd leiki vafi á styrkhæfi.
- Þjónustuverið s. 5855500 veitir frekari upplýsingar og aðstoð varðandi skráningar í íbúagáttina.

Samþykkt í Fræðsluráði Hafnarfjarðar 16. nóvember 2016